

Mál nr. 73/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður varð fyrir meiðslum er hann vann við að stafla fatapokum gám.****Gögn.**

37. Málskot, móttakið 10.3.2014, ásamt fylgigögnum.

38. Bréf X, dags 7.4.2014.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti var M hinn 3.4.2012 að störfum fyrir V, vinnuveitanda sinn, við að stafla fatapokum í 40 feta gám. Kveður M að raðað hafi verið í gáminn með þeim hætti að byrjað var að raða pokum, sem eru um 10 kg á þyngd hver, á gólfið innst í gámnum og svo staflað ofan á þá og alveg upp í loft. Þegar slysið varð hafi M nýlokið við að stafla í stæðu og var að byrja að raða í næstu stæðu fyrir framan. Þá hafi stæðan skyndilega gefið sig og hrunið yfir M. Hann hafi borið hendur fyrir höfuð sér til að til að fá ekki pokana í höfuðið, en misst fótanna og fallið aftur á bak í gólfið. Hann hafi strax fundið að hann hafi meitt sig en samt haldið áfram að vinna. Hann hafi svo fundið fyrir auknum verkjum og leitað á slysadeild 23.4.2012.

Í læknisvottorði frá slysa- og bráðadeild Landspítala – háskólasjúkrahúss, dags. 4.3.2013, segir að M hafi leitað á deildina 23.4.2012 þar sem hann hafi fengið slink á hægri öxl viku fyrir komu og hafi hann kvartað um verk í öxlinni. Í vottorðinu er slysdagur tilgreindur 16.4.2012. Í ódagsettu vottorði heimilislæknis kemur fram að M hafi hringt í lækinn 2.5.2012 og greint frá vinnuslysi 24.3.2012 er hann hafi misst poka á sig í vinnunni og fengið högg á öxl og háls.

M kveður V bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem hann hlaut í slysinu, þar sem ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum. Í því sambandi vísar M til ýmissa ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, svo og ákvæða í reglugerðum settum á grundvelli laganna. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

V mun ekki hafa fregnað af atvikinu fyrr nokkru eftir að það gerðist. Ekki verður ráðið af málsgögnum að verk það sem M vann í umrætt sinn hafi verið flókið eða slysaþætta hafi almennt verið því samfara. Þá verður ekki ráðið að meiðsl M megi rekja til þess að óforsvaranleg vinnubrögð hafi verið látin viðgangast af hálfu V eða það verði rakið til annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 30. apríl 2014.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.